



## **Skýrsla stjórnar Myndstefs. Lögð fram af formanni á aðalfundi samtakanna 28. maí 2019**

Myndstef eru félagasamtök og er tilgangur þeirra að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði.

Hlutverk Myndstef eru m.a. að innheimta höfundarétt- og fylgiréttagreiðslur og koma þeim til höfunda/rétthafa, að veita lögfræðilega ráðgjöf varðandi höfundarétt og gerð samninga, að standa fyrir kynningum og fræðsu, að hafa áhrif á þróun laga og annast samningagerð við opinbera aðila og einkaaðila – ásamt fleirum verkefnum.

Á árinu 2018 breyttust samþykktir Myndstefs vegna tilskipunnar Evrópusambandsins, en þá var í bígerð að innleiða hana í íslensk lög. Drög að því frumvarpi liggur nú fyrir og er áætlað að það verði lagt fyrir Alþingi fyrir sumarið – og taki gildi 1. janúar árið 2020.

Breytingarnar á samþykktum fólu m.a. í sér breytingar á tilhögun stjórnar og fulltrúaráðs. Á þessum aðalfundi koma þessar breytingar til gagns og ný stjórn tekur við á fyrsta stjórnarfundum eftir þennan aðalfund. Ný fimm-manna-stjórn verður samasett úr einum aðila tilnefndum af SÍM, einum aðila tilnefndum af Hönnunarmiðstöð og einum aðila tilnefndum af Ljósmyndarafélaginu – ásamt tveimur óháðum aðilum tilnefndir af fulltrúaráði.

Hvert aðildarfélag Myndstefs, sem eru 19 talsins, á sæti í fulltrúaráði.

Í apríl s.l. voru skráðir félagsmenn Myndstefs 2342 talsins, þar af höfðu 502 skilað umboði til samtakanna. 288 aðilar eru skráðir með einstaklingsaðild utan aðildarfélaga.

Byggjast þessar tölur að miklu leiti á upplýsingum frá árinu 2016. Ekki hefur borist samtökunum uppfærð félagatöl aðildarfélaganna, nema frá Félagi vöru- og iðnhönnuða og SÍM. Við hvetjum aðildarfélög til þess að senda skrifstofu Myndstefs uppfærð félagatöl sín.

### **1. Styrkúthlutanir**

Myndstef veitir ýmsa styrki árlega, en fjármagn sem fer í styrki kemur til vegna heildarsamninga sem ekki er unnt að greiða út einstaklingsbundið til höfunda ásamt greiðslu vegna höfunda sem eru fallnir úr vernd, finnast ekki eða ekki er unnt að greiða út með öðrum hætti.

Á árinu 2018 samþykkti stjórn Myndstefs upphæðir á styrkjum í samráði við endurskoðanda samtakanna. Hann ráðlagði Myndstefi að hægt væri að auka heildarupphæð styrkja það árið vegna þess hversu vel samtökin stæðu eftir góða afkomu á árinu 2017.

Í heildina úthlutaði Myndstef 13.190.000 kr í styrki árið 2018, sem var um 6.250.000 kr hækkun frá styrkveitingum á árinu 2017. Ákveðið var að hækka hámark verkefnastyrkja úr 300.000 kr í

400.000 kr. Ferða- og menntunarstyrkir héldust í 150.000 kr. Úthlutunarnefnd var þó gefið það ákvörðunarvald að veita lægri styrki ef umsækjendur sóttu ekki um fullan styrk.

Eftir að umsóknarferli styrkja til Myndstefs var gert rafrænt og með beinni tengingu við félagsmenn hefur fjöldi styrkumsókna margfaldast. Á árinu 2018 bárust 162 umsóknir um verkefnastyrk og hlutu 34 umsækjendur styrk. 92 umsóknir bárust vegna ferða- og menntunarstyrks, en hlutu 22 umsækjendur styrk. Eingöngu var hægt að veita 22% umsækjenda styrk að þessu sinni. Í heildina voru veittar 8.000.000 kr í verkefnastyrki og 2.250.000 kr í ferða- og menntunarstyrki.

Ný úthlutunarnefnd styrkja var skipuð á árinu, en hver nefnd er skipuð þremur aðilum frá mismunandi aðildarfélögum og situr hver nefnd í tvö ár. Sama nefndin mun því starfa við styrkúthlutanir í ár og í fyrra. Settar voru reglur fyrir úthlutunarnefnd þeim til leiðbeiningar. Einnig er ljóst að skýra þurfi úthlutunarreglur og umsóknarform. Breytingar á úthlutunarreglum verða ræddar hér á eftir. Ákveðið var að hækka laun úthlutunarnefndar í takt við aukinn fjölda umsókna og þ.a.l. aukna vinnu nefndarinnar.

Einnig var veittur áður umsaminn styrkur í ferða- og dvalarsjóðinn Mugg að upphæð 400.000 kr. Myndstef hélt áfram að styrkja SÍM mánaðarlega til reksturs að upphæð 45 þúsund eins og samið var um á árinu 2013. Styrkurinn er veittur úr fylgiréttarsjóði og mun verða endurskoðaður árlega.

Fyrir stjórnarfund þann 10. október 2018 barst stjórn Myndstefs formleg beiðni frá SÍM um styrkveitingu vegna tilfærslu og endurgerðar á gestaíbúð á Seljavegi 32. Tilfærslan felur í sér að íbúðin sé færð frá 3. hæð niður á 2. hæð, skv tilmælum frá brunavarnaeftirlitinu.

Tilgreint var í beiðninni að samtökin þyrftu á 6.000.000 kr að halda, en óskuðu eftir styrk eða láni að þeirri upphæð sem stjórn Myndstefs sæi sér fært að veita.

Eftir umræðu var ákveðið að veita SÍM styrk, samtals kr 2.000.000 kr, vegna þessara framkvæmda.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnar Myndstefs hversu miklum fjármunum verði varið í styrkveitingar á þessu ári, en sú ákvörðunartaka er í höndum stjórnar Myndstefs í samráði við löggiltan endurskoðanda.

## 2. Samningamál

Ýmsir samningar hafa verið gerðir á árinu, margir hverjir vegna einstakra verkefna eða útgáfa.

Stærstu og mikilvægustu samningar Myndstefs á árinu 2018 voru svokallaðir safnasamningar, en þeir höfðu verið í bígerð í talsverðan tíma. Um er að ræða tímamótasamninga við söfn vegna rafrænna birtinga á safnmunum þeirra, t.d. á Sarpí. Þessir samningar opnar á heimild til almennings og skóla að nota menningararf landsins til kennslu og fræðslu.

Ragnar, formaður Myndstefs, sat í vinnuhóp ásamt aðilum úr Safnaráði og einstaka söfnum við gerð þessa samnings og voru fyrstu slíkir samningar undirritaðir þann 20. desember. Þá undirrituðu Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður undir samninga ásamt Lilju Alfreðsdóttur, Mennta- og menningarmálaráðherra, en hún er mikill stuðningsmaður þessara samninga.

Í kjölfarið var öðrum söfnum boðinn slíkur samningur og hafa einhverjir verið undirritaðir. Gert er ráð fyrir að fleiri verði undirritaðir á þessu ári.

### 3. Kynningar og málþing

Eitt af mikilvægum hlutverkum Myndstefs er fræðsla, bæði fyrir höfunda og notenda hugverka. Árið 2018 hélt Myndstef kynningu fyrir Arkitektafélag Íslands þar sem Harpa Fönn hélt áhugaverðan fyrirlestur fyrir fjölda af arkitektum. Í kjölfarið mynduðust áhugaverðar umræður og góð tengst milli Myndstefs og arkitekta.

Í október var Aðalheiður viðstödd Torg listamessu, sem haldin var af SÍM. Viðvera Myndstefs á slíkum viðburðum þykir mikilvæg.

Ekki voru haldnar fleiri kynningar á árinu, en ítrekað er að aðildarfélög geta óskað eftir kynningu/fyrirlestri frá Myndstefs (þeim að kostnaðarlausu). Einnig eru samtökin ávalt tilbúin til þess að fara í skóla og kynna tilvonandi höfundum rétt sinn.

### 4. Fylgiréttargjöld

Á árinu 2018 námu innheimt fylgiréttargjöld tæplega 20 milljónum og voru rúmlega 15 og hálf milljón greiddar til viðeigandi höfunda. Rúmlega 6 milljónir runnu til starfslaunasjóðs.

Skil frá flestum galleríunum hafa gengið ágætlega en er það stanslaus vinna skrifstofu Myndstefs að innheimta greiðslur og skilagreinar. Einnig þykir erfitt að sannreyna sannleika skilagreina og upplýsinga.

Eftir að samkomulag náðist við stærsta gallerí landsins á árinu urðu skil með ágætu móti og eldri skilagreinum loks skilað. Þegar leið undir lok árs fór þó að draga úr skilum og ljóst er að nauðsynlegt sé að ráðast enn og aftur í vinnu við að innheimta fylgirétt þaðan.

### 5. Aðild Myndstefs að Fjölís og IHM

Myndstef á aðild að Fjölís og fulltrúa í stjórn. Rekstur Fjölís hefur gengið vel þar sem endurnýjaðir hafa verið flestir samningar. Heildartekjur Myndstef árið 2018 skv. úthlutunum frá Fjölís námu 19.598.222 kr og eru horfur á að tekjur félagsins verði svipaðar á komandi árum. Rekstrarumfang Fjölís hefur dregist verulega saman á undanförunum árum með endurnýjun og endurgerð samninga og er nú sinnt af framkvæmdastjóra í hlutastarfi og skrifstofa félagsins hýst hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Myndstef hefur einnig haft tekjur frá IHM, Innheimtumiðstöð gjalda sem innheimtir höfundarréttarbætur fyrir sjónvarpsútsendingar annars vegar og hins vegar fyrir löglegri eintakagerð höfundaréttarvarða verka til einkanota. Á árinu 2017 voru tekjur Myndstefs frá IHM rúmlega 11 milljónir. Þessum fjármunum er ráðstafað að mestu í styrki, eftir frádrátt umsýslukostnaðar. Breyting hefur orðið á upphæð greiðslu úr ríkissjóði til IHM (hækkun), nú félög hafa bæst við IHM og ákveðið var að breyta fyrirkomulagi skiptingu greiðslu til aðildarfélaga IHM.

Ákvað var að notast við norskt kerfi og niðurstöður Gallup könnunnar sem var framkvæmd á árinu. Ljóst er að mikill galli er á þessu fyrirkomulagi, sérstaklega er horft er til myndhöfunda. Til dæmis er ekki gert ráð fyrir myndhöfundum í norska kerfinu, notast er við þrískiptingu heildarfjárhæðar milli höfunda, framleiðanda og flytjenda og var Gallup könnunin ekki nógu vel framkvæmd, að mati Myndstefs.

Samkvæmt þessu ætti hlutur Myndstefs að lækka verulega, svo mikið að er það talið óásættanlegt. Örfá önnur aðildarfélög IHM eru einnig ósátt.

Komið hefur í ljós að umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í norska kerfinu s.l. ár, en m.a. var verið að leiðrétta hlut myndhöfunda. Eftir vinnu þar í landi er komin sú niðurstaða að myndhöfundar eigi rétt á 10% fjárhæðar, sem er umtalsvert hærra hlutfall en bráðabirgðaniðurstöður IHM gerði ráð fyrir.

Vegna þessa ágreinings hefur stjórn IHM ekki komist að niðurstöðu um hluta hvers félags. Því barst engin greiðsla frá IHM á árinu 2018. Á fulltrúaráðsfundi IHM þann 3. desember 2018 var sú tillaga samþykkt að úthluta til bráðabirgða. Þar sem tillagan um fjármuni var ekki endanleg var 30% af heildargreiðslu frá ríkissjóði haldið eftir og 70% greitt út, með því skilyrði að bráðabirgðaúthlutunin verði leiðrétt með afturvirkum hætti við endanlegu úthlutun og uppgjör vegna ársins 2018 eða í síðasta lagi við næstu úthlutun.

Greiðsla vegna bráðabirgðaúthlutunnar 2018 barst Myndstefi þann 28. mars 2019, samtals kr 9.496.498 kr. Þar sem óvíst er um endanlegan hlut Myndstefs og mögulega endurgreiðslu á þessum fjármunum hefur úthlutun IHM ekki verið talin til tekna í ársreikningi ársins 2018.

## **6. Skrifstofa Myndstefs og starfsmannahald**

Harpa Fönn og Aðalheiður Dögg eru einu starfsmennirnir á skrifstofu Myndstefs. Á meðan Harpa Fönn var enn í fæðingarorlofi í byrjun árs leysti Anna Finnbogadóttir, lögfræðingur, hana af við brýnustu verkefni samtakanna. Anna sinnti því starfi til 1. apríl 2018. Myndstef þakkar Önnu fyrir gott samstarf.

Skrifstofa Myndstefs hefur verið á sama stað að í Hafnarstræti 16 og deilt húsnæði með SÍM. Breytingu er þó að vænta og flutningur skrifstofu Myndstefs á sér stað fljótlega. Mun skrifstofan hafa aðsetur á skrifstofu Hönnunarmiðstöð, amk tímabundið. Ekki er ljóst hvar aðsetur skrifstofu verður til frambúðar.

## **7. Samstarf við erlend höfundaréttarsamtök**

Samstarf hefur verið með Myndstefi og VISDA (áður CopyDan), BUS, Kuvasto og BONO þ.e. systursamtaka Myndstefs á Norðurlöndunum. Samstarfið fellst aðallega í því að fulltrúar frá þessum samtökum hittast einu sinni á ári til skiptis í höfuðborgum landanna, upplýsa það sem er efst á baugi í höfundarétti í hverju landanna fyrir sig og bera að öðru leiti saman bækur sínar. Að auki innheimta félögin greiðslur til handa félagsmönnum allra samtakanna.

## **8. Lokaorð**

Ljóst er að fjárhagsstaða Myndstefs er verri nú en hún var á árinu 2017, þó má nánast eingöngu rekja það til tekjumissis frá IHM. Ef miðað er við tekjur árána fyrir árið 2017 standa samtökin nokkuð vel. Einnig má búast við góðri niðurstöðu vegna IHM og er stjórn Myndstefs bjartsýn á að sáttir nást og hlutur Myndstefs verði ásættanlegur.

Margt hefur breyst og uppfærst varðandi innri starfsemi Myndstefs. Öll gögn og forrit voru færð til vistunar í skýji til þess að auka öryggi þeirra. Ný heimasíða var opnuð en þar eru upplýsingar um Myndstef og höfundarétt talsvert aðgengilegri en áður. Einnig voru allar umsóknir og umboð voru gerð rafræn þar. Tengsl Myndstefs við félagsmenn voru styrkt með beinni samskiptum með uppsetningu á Mailchimp og með eflingu fulltrúaráðs.

Vitundavakning höfunda og notenda um höfundarétt hefur aukist og telur Myndstef það mikið fagnaðarerindi. Á árinu bárust samtökunum yfir 30 mál þar sem skrifstofan aðstoðaði höfunda beint við réttindavörslu sína. Að auki bárust samtökunum fjöldinn allur af fyrirspurnum og beiðnir um upplýsingar. Félagsmenn voru einnig duglegir að nýta sér ókeypis lögfræðiráðgjöf samtakanna. Helst mátti bera á málum vegna upplýsingaleysis til höfunda um hvar verkin þeirra eru niðurkomin, útilistaverk sem eru látin grotna niður, óheimil endurgerð, óheimil notkun á varningi fyrir erlenda ferðamenn, ljósmyndir af höfundaréttarvörðum verkum á erlendum myndabönkum, óheimil notkun á heimasíðun og útgáfum og sí-algengara er óheimil notkun eða endurgerð á ýmis konar hönnun.

Samtökin finna einnig fyrir viðhorfsbreytingu gagnvart greiðslu á höfundarétti. Þetta kemur best fram í áður nefndum safnasamningum, en það verkefni hafði verið á borði Myndstefs í fjölda ára. Litla viðleitni var að finna frá söfnum og ráðuneyti, fyrr en nú.

Ragnar Th Sigurðsson